



Fyrsti DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn á Hvolsvelli 20. september 2018

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 17:30

Fundarstaður, húsnæði Fræðslunets Suðurlands í Hvolsskóla

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

2. Formaður las upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur. frá þeim sem voru fjarverandi.

Aðalbjörg hefur flutt sig norður, Hólmfríður hefur hug á að skipta um deild, Vera er enn fyrir norðan og Margrét Ísaks hefur hug á að taka sér frí í vetur. 17 voru mættar.

3. Ásborg ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

4. Orð til umhugsunar var í höndum Ásborgar.

Hún sagði frá verkefninu „Drekinn innra með mér“

Laila Margrét Arnþórsdóttir (litla systir mín) ráðgjafi hjá Félagi heyrnarlausra hefur skapað lítinn dreka. Verkefnið er fjölþætt en um er að ræða sögu sem fjallar um dreka sem býr innra með lítilli stúlku og kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig má bregðast við þeim.

Eitt verkefnið var unnið í samstarfi við fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Laila fékk tónskáld Elínu Gunnlaugsdóttur til að semja tónlist við söguna um drekann og myndlistakonuna Svöfu Björgu Einarsdóttur til að teikna myndir við hana. Verkið var flutt í Eldborgarsal Hörpu sl. vor á skóla- og fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem fram komu hljómsveitin, sögumaður ásamt táknmálstúlk og dansarar, auk þess sem Þórarinn Eldjárn hafði ort ljóð um drekann. Myndunum var síðanvarpað upp á stóran skjá.

Næsta verkefni með drekann er lítil fallega myndskreytt bók sem kemur út á næstunni hjá Veröld og fleiri tónleikar eru í farvatninu. Ómögulegt er að segja hvert ævintýrið um drekann leiðir í framtíðinni. Laila er einnig höfundur Tinnu Táknmálsálfs sem hefur komið fram í Stundinni okkar og leikritsins Viðtalið sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu og fjallar um líf heyrnarlausra.

5. Ingibjörg formaður kynnti vetrarstarfið.

Átthagafræði Epsilondeildar er yfirskriftin að þessu sinni. Fyrirhugaðir fundardagar:

- Fimmtudagur 20.september, kl. 17:30. Hvolsvöllur.
- Laugardagur 27.október, kl. 11:00, Flúðir.
- Fimmtudagur 29.nóvember, kl. 17:30, Selfoss.
- Laugardagur 19.janúar, kl. 11:00, Hveragerði.
- Fimmtudagur 21.mars, kl. 17:30, Ásaskóli (sennilega).
- Laugardagur 27.apríl, kl. 11:00, Veröld Vigdísar, Reykjavík.
- Fimmtudagur 23.maí, kl.17:30, Skálholt (sennilega).

Stjórn hefur skipt með sér verkum. Ingibjörg Þorleifsdóttir er formaður – varaformaður er Ingibjörg Ingadóttir, ritari Ásborg Arnþórsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri og Sigríður Guttormsdóttir meðstjórnandi.

Formaður talaði um að bjóða fleiri konum í deildina og bað systur um að hafa það í huga og kom með tillögur. Minnt á að þær gætu komið úr ýmsum stéttum, kennarar, leikskólakennarar, djáknar, prestar, sálfræðingar, námsráðgjafar og svo framvegis.

Minnt var á Evrópuráðstefnu DKG sem haldin verður í Reyjavík 25. -26. júlí. og Landssambandsþing sem haldið verður í Reykjavík 4. maí. Allar eru hvattar mjög til að mæta á þessa fróðlegu og skemmtilegu viðburði.

Rætt var um undirbúning funda og þá hugmynd að hjálpast að við undirbúning, þrjár systur tækju að sér að annast hvern fund og var tekið vel í það. Þá voru Epsilonsystur hvattar til að vera duglegar að svara póstum.

6. Elinborg sagði frá för þeirra Ingibjargar á Evrópuþing 2017 sem haldið var í Tallin. Hún sýndi skemmtilega myndir og myndbönd úr ferðinni. Hún sagði Tallin vera dásamlega borg, félagsskapurinn hafi verið einstaklega góður, þarna voru frábærar konur. Dagskráin var fjölbreytt og partýin utan dagskrár skemmtileg. Hún sagði m.a. frá sérstöku kvöldi með sögulegu ívafi á veitingastaðnum Hansa.

Einnig sagði Elinborg frá heimsókn í listaskóla þar sem fjölbreytt kynning fór fram og skemmtun. Tónlist er á námsskrá í Tallin, sköpun, hlustun, söngur og hljóðfæraleikur

Farið var í áhugaverða skoðunarferð með leiðsögn og fallegir sögustaðir heimsóttir. Leiðsögukonna talaði opnskátt um tímana þegar rússar réðu landinu.

Þær Elinborg og Ingibjörg sýndu að lokum fallegt handverk sem þær höfðu keypt í Tallin. Og greindu frá ýmsum fróðleik sem þær höfðu með sér heim m.a. um netnotkun, tónlist í námsskrá, tónlistarrannsóknir, downsbörn og fleira. Þær hvetja konur til

að sækja þingin sér til fróðleiks og skemmtunar. Sækja má um endurmenntunarstyrki til að standa undir kostnaði.

6. Sigríður Guðnadóttir fékk orðið, hún fjallaði um vefsíður DKG og Epsilon deildar, félagatalið og kallaði eftir andlitsmyndum af félagskonum sem fyrst. Þetta þurfa að vera skýra andlitsmyndir í góðri upplausn til þess að hægt sé að nota þær. Frmenn deilda bera ábyrgð á vef deilda. Hún hvatti félagskonur til að nota landssamtaka vefinn sem inniheldur mikið magn upplýsinga. Um að gera að vafra, lesa og fræðast á vefnum.

7. Happdrættið var á sínum stað og það var Sigríður Guttormsdóttir sem fékk vinninginn að þessu sinni.

8. Formaður talaði um næstu fundi, safnaði saman tillögum um nýja félaga sem voru komnar á blöð og skilaði kveðju frá Reykjanesi.

9. Fundi slitið og haldið í kvöldverð á Lava Centre á Hvolsvelli
Ásborg Arnþórsdóttir ritari